

**Fundargerð 131. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, fimmtudaginn 10. desember 2020 kl: 16:00, Fjarfundur í Teams. Mætt voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, María Ósk Óskarsdóttir, Hólmfríður Vala Svavarsdóttir, og Jón Hörður Elíasson.**

Dagskrá:

- 1) Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021
- 2) Starfsleyfi fyrirtækja
- 3) Stjórnarsýsla annað
- 4) Skipulagsmál umsagnir
- 5) Úr eftirliti
- 6) Matvælastofnun
- 7) Umhverfisstofnun
- 8) Rekstrarleyfi umsagnir til sýslumanns
- 9) Tækifærisleyfi umsagnir til sýslumanns
- 10) Önnur mál -stofnanasamningur

## 1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 lögð fram og kynnt 15. október sl.

*Engar athugasemdir hafa borist.*

## 2. Starfsleyfi fyrirtækja, heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu neðan greindra starfsleyfa:

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Gildistími starfsleyfa er 12 ár. Starfsleyfi er veitt með fyrirvara um auglýsingu og kynningu.

- a) 15136 Matthías S. Lýðsson kt 1907572859 Húsavík, fyrir Vatnsveitu, endurnýjun starfsleyfis
- b) 15219 Kurdo Kebab kt 4806160810 Hafnarstræti 9-13, 400 Ísafjörður, Skyndibitastaður lítill, nýtt starfsleyfi
- c) 15215 Dokkan brugghús ehf kt 7110171350, starfsleyfi á nýjum stað, Hafnarstræti 19
- d) 15163 Strandaber kt 0911573149, starfsleyfi gefið út 2014 og gildir til 2026, endurvakið starfsleyfi fyrir áhættu og umfangslitla matvælaframleiðslu
- e) 15184 Suðurverk hf 5208850219, starfsleyfi fyrir vinnubúðir og viðgerðarverkstæði, Patreksfirði
- f) 15186 Félagshemili Þingeyri kt 5405962639, endurnýjun starfsleyfis
- g) 15137 Isavia Innanlands hf kt 5912191380 Ísafjarðarflugvöllur, starfsleyfi, flugvellir án eldsneytisafgreiðslu
- h) 15138 Isavia innanlands ehf kt 5912191380, Gjögur flugvöllur, starfsleyfi flugvellir án eldsneytisafgreiðslu

- i) 15139 Ísavia innanlands ehf kt 5912191380, Bíldudalsflugvöllur, starfsleyfi flugvellir án eldsneytisafgreiðslu
- j) 15161 Skíðasvæði Ísafjarðarbæ kt 5405962639, umsókn um starfsleyfi fyrir söluturn
- k) 15240 Húsasmiðjan ehf Kt 5512110290, sækir um starfsleyfi fyrir byggingarvöruverslun, litla
- l) 15243 Nemendagarðar Lýðskólans Flateyri kt 4209190260, sækir um starfsleyfi fyrir nemendagarða/heimavist

Heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu starfsleyfa til 12 ára.

- m) 15221 Umsókn um brennuleyfi, Drangnesi, 100 bretti, tímabundið starfsleyfi
- n) 15241 Umsókn um brennuleyfi, Bíldadal, 50m<sup>3</sup> tímabundið starfsleyfi
- o) 15241 Umsókn um brennuleyfi Patreksfirði, 50m<sup>3</sup> tímabundið starfsleyfi
- p) 15196 Umsókn um brennuleyfi Bolungarvík, 400m<sup>3</sup> brennu tímabundið starfsleyfi
- q) 15248 Umsókn um brennuleyfi fyrir Hólmavík, 500m<sup>3</sup> brennu tímabundið starfsleyfi
- r) 15247 Umsókn um brennuleyfi fyrir Hauganes, Ísafirði 30m<sup>3</sup> brennu, tímabundið starfsleyfi

15245: Í reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem er í gildi í dag stendur 3. mgr. 6.gr. „Ekki er heimilt að veita tímabundið leyfi fyrir skemmtunum, svo sem tónleikum, dansleikjum, brennum eða öðrum viðburðum sem ætla má að dragi að sér hóp fólks eftir kl. 21.00“ Því er ekki heimilt að veita ofangreind brennuleyfi.

15144 Hólabúð og 380 restaurant. Tilkynning um að starfsemi sé hætt. **Starfsleyfi fellt niður**

15154 Bakkabúðin, tilkynning um að starfsemi sé hætt. **Starfsleyfi fellt niður**

15166 Haukur Sigurðsson Silfurgata 11, starfsemi hætt. **Starfsleyfi fellt niður**

15226 Pósturinn á Patreksfirði, og Ísafirði, hætt að selja sælgæti. **Starfsleyfi fellt niður**

15227 Ferðapjónustan í Örlygshöfn hætt starfsemi. **Starfsleyfi fellt niður**

15127 Línukot Flatey, tilkynning um að starfsemi sé hætt **Starfsleyfi fellt niður**

15129 Gisting Vesturbyggð hætt starfsemi, Sigtún 3 og Mikladalsvegi 7. **Starfsleyfi fellt niður**

15216 Gamla bakaríið, Aðalstræti 24, Ísafirði hætt starfsemi **Starfsleyfi fellt niður**

15237 Petrína Sigrún Helgadóttir, gisting Brunnnum 18, Patreksfirði. **Starfsleyfi fellt niður**

15238 Sæferðir – Flakkarinn, hætt starfsemi. **Starfsleyfi fellt niður**

### 3. Stjórnsýsla annað

- a) 15178 Loftræsting og Covid 19 leiðbeiningar frá Sóttvarnarlækni

#### 4. Skipulagsmál, umsagnir, kynnt

- a) 15124 Breyting á starfsleyfi Arnarlax í Patreksfirði og Tálknafirði, beiðni um umsögn
- b) 15131 Skipulagslýsing. Breyting á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006 – 2018. Bíldudalur, íbúðarsvæði við Hafnarbraut, umsögn Hevf um breytingu
- c) 15141 Óskað er umsagnar um skipulagstillögur sem fjalla báðar um breytingu á Örlýgshafnarvegi. Breyting á deiliskipulagi Látrabjargs
- d) 15155 Hvammur, Kaldrananeshreppi, breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 – 2030. Hvammur, Sumarhús og ferðaþjónusta
- e) 15192 Deiliskipulag hesthúsahverfis í Bolungarvík. Umsögn hevf
- f) 15197 Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps. Vindmyllur í landi Garpsdals
- g) 15203 Dýpkun, Sundabakka, Ísafirði, beiðni um umsögn

#### 5. Úr eftirliti

- 15172 Fyrirspurn um einkareknar fráveitur frá Eflu, fyrir Samtök iðnaðarins
- 15224 Kynningarefni um heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- 15106 Leki á blóðvatni yfir í hráefnispró Íslensku Kalkþörungaverksmiðjunnar. Mengunarslys á athafnasvæði á Bíldudal. Svar til SI
- 15180 Kvörtun vegna ólögmatrar sorpförgunar á Garðsstöðum
- 15117 Umhverfisstofnun: Óvenjubundið eftirlit að Garðsstöðum við Ísafjarðardjúp, 22. júní 2020
- 15118 Vettvangsheimsókn Umhverfisstofnunar að Garðsstöðum
- 15176 Reikningur fyrir urðun á plastúrgangi, niðurrif á báti frá Flateyri
- 15156 Afgreiðsla Skipulagsstofnunar á ábendingu frá Hafliða Halldórssyni vegna Garðstaða
- 15157 Athugasemd við merkingu hjólastíga með bláum fánum
- 15148 Hvað er gert við malbik? Endurvinnsla á malbiki

#### 6. Matvælastofnun, kynnt

- a) 15244 Nýjar leiðbeiningar á íslensku fyrir Skráargats reglugerðina
- b) 15179 Aðskotahlutur í salati - Veislusalat Hollt og gott
- c) 15223 Dioxin í eggjum frá Landnámsshænum ehf í Hrísey
- d) 15108 Innkallanir, stöðvun sölu, vara tekin úr umferð. Mögulegur skelfiskur í sósum frá Rana
- e) 15109 Innkallanir, stöðvun sölu, vara tekin úr umferð. Athugasemdir við innköllun á kjúklingi - upplýsingar til stóreldhúsa bærust ekki
- f) 15122 Innkallanir, stöðvun sölu, vara tekin úr umferð. Atkins brauðraspur getur innihaldið of mikið magn af etylenoxíð (sótthreinsunarefni fyrir sesamfræ)
- g) 15165 Innköllun á Himmneskt lífrænu hvítu Tahini vegna varnarefna
- h) 15211 Innköllun á kjúklingum frá Matfugli vegna Salmonellu
- i) 15145 Innköllun á matvöru. Allar Atkins brauðblöndur innkallaðar
- j) 15213 Innköllun á Til hamingju Granóla og Til hamingju Sesamfræ, vegna varnarefna
- k) 15230 Innköllun, Krónan, Mexikósk kjúklingasúpa, glerbrot
- l) 15146 Málmhlutur í sælgæti, S-Marke surt skum
- m) 15208 Ólögleg varnarefni í sesamfræjum og granóla
- n) 15210 Sýknun vegna sölu á heimaslátruðu lambakjöti
- o) 15195 Sölustöðvun á Kúmin vegna pyrrolzine alkaloids

- p) 15204 Sölustöðvun og innköllun af markaði, drykkjarvörur Adirondack Beverages Orange Soda
- q) 15162 Uppfært, málmhlutur í sælgæti á einnig við sura vattenmelon bita
- r) 15209 Ársskýrsla MAST 2019
- s) 15135 Leiðbeiningar. Listeriugreiningar fyrir matvæli tilbúin til neyslu.
- t) 15212 Fundargerð Matvælahóps 1.10 2020
- u) 15126 Opinbert eftirlit á markaði með vottuðum lífrænum vörum
- v) 15181 Salmonella í dúfum

## 7. Umhverfisstofnun, kynnt

- w) 15169 Arctic Sea Farm hf Dýrafirði. Áminning og krafa um úrbætur
- x) 15231 Áform um áminningu og krafa um úrbætur. Fiskeldi Kristínar Óskar Mattíasdóttur ( Fiskabúrið) Þverá.
- y) 15168 Vegagerðin Ísafirði. Áform um áminningu og krafa um úrbætur, vantar úrbótaáætlun
- z) 15182 Eftirlit Arctic Sea Farm hf. Áform um áminningu, krafa um úrbætur á Patreksfirði og Tálknafirði, notkun á kopar nótum
- æ) 15207 Eftirlit fiskeldi. Fiskeldi Kristínar Óskar Matthíasdóttur, Þverá. Reglubundið eftirlit
- ø) 15147 Eftirlit Umhverfisstofnunar. Arnarlax, samþykkt úrbótaáætlun Gileyri
- å) 15206 Eftirlitskýrsla UST. ÍS 47 ehf, reglubundið eftirlit 17.9 2020
- aa) 15130 Erindi um að taka þátt í vinnuhóp vegna verklags um dauða hvali.
- bb) 15200 Hvalrekar, rök fyrir að mál séu áfram hjá Umhverfisstofnun
- cc) 15112 Fráveitumál. Vatnsgæði, aðgerðaráætlun. Pollurinn skráður sem vatnshlot í óvissu.
- dd) 15229 Drög að aðgerðaráætlun fráveita, framsetning fyrir Ísafjörð
- ee) 15164 Hvalreki í Dýrafirði, samskipti Ust og lögreglu
- ff) 15170 Ís 47 ehf. Áform um áminningu og krafa um úrbætur
- gg) 15183 Leiðbeiningarskjal um fráveitu, Fastefnameðhöndlun frá fiskeldi á landi
- hh) 15133 Matslýsing, vatnaáætlun 2022 - 2027
- ii) 15187 Starfsleyfi fyrir stækkun Kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal, ósk um umsögn
- jj) 15174 Stöðuskýrsla. Fráveitumál 2018, drög til yfirlestrar
- kk) 15175 Vatnið okkar, aðgerðaráætlun vatnaáætlunar Íslands 2022 – 2027
- 15132 Þriggja ára eftirlitsáætlun í efnamálum 2021 – 2023

## 8. Umsagnir um rekstrarleyfi til sýslumanns

- 15149 Dokkan brugghús, Sindragötu 14, umsögn
- 15160 Umsögn til sýslumanns, Sólgata 8, gisting
- 15201 Kómedíuleikhúsið, Haukadal, rekstur á veitingastað í flokki II

## 9. Önnur Mál

- a) 15177 Haustfundur heilbrigðisfulltrúa 19. nóvember 2020
- b) 15220 Aðalfundur SHÍ 22.10 2020 Ársreikningur og ályktun *Aðalfundur Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) sem haldinn var þann 29. október 2020 minnir á mikilvægi þeirrar starfsemi sem fram fer hjá Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga um land allt. Sú þjónusta sem heilbrigðiseftirlitin sinna í nánú samstarfi við íbúa og rekstraraðila fyrirtækja í nærumhverfi stuðlar að því að vel er haldið utan um heilnæmi umhverfis, öryggi, heilsu og velferð landsmanna. Í ljósi þessa telur aðalfundurinn mikilvægt að þessari þjónustu sé áfram viðhaldið hjá heilbrigðiseftirlitunum. SHÍ er meðmælt því að einfalda stjórnsýsluna sem kostur er, bæta regluverk og stuðla að aukinni rafrænni stjórnsýslu. Drög að reglugerð um*

*skráningarskyldan atvinnurekstur sem nú er í vinnslu hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu styðja ekki við þetta að mati SHÍ, né markmið þeirra laga og reglna sem heilbrigðiseftirlitum er skylt að framfylgja og eru ekki til hagsbóta, hvorki fyrir rekstraraðila né almenning í landinu. SHÍ lýsir yfir vonbrigðum með drög að skráningarreglugerðinni sem samin er með það að leiðarljósi að einfalda regluverk og leyfisveitingaferli, auk þess að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum heilbrigðiseftirlitssvæðanna, SHÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um. Ljóst er að verði málið ekki endurskoðað mun það að óbreyttu leiða af sér enn flóknara regluverk og aukinn kostnað, ekki síst fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Í ljósi ofangreinds fer SHÍ fram á að málið í heild verði endurskoðað og hætt við frekari áform um skráningarskyldu í stað starfsleyfisskyldu, meðan gerð verði þarfagreining á verkefninu og niðurstaða liggur fyrir. SHÍ er tilbúið að taka þátt í þeirri vinnu með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.*

- c) Endurskoðun á stofnanasamning, formanni falið að ganga frá samningi
- d) Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að afgreiða starfsleyfi og önnur leyfi milli funda í samræmi við 48 gr. laga nr 7/1998

### **Tillaga að fundadagsetningum 2021**

1. fundur	25. febrúar
2. fundur	14. maí
3. fundur	26. ágúst
4. fundur	14. október
5. fundur	9. desember

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:04